

Rektor, ráðherra, útskriftarnemar, kennarar, fjölskyldur og aðrir góðir gestir.

Ég var svo lánsöm að fylgja 6 ára syni mínum á knattspyrnumót uppi á Skaga síðustu helgi. Á meðan vindar og regn börðu á liðinu og við stuðningsmennirnir vorum klæddir eins og *Michelin* menn á hliðarlínunni, að reyna að horfa á leikinn, þá spilaði þessi 6 ára af lífs og sálar kröftum, sem aldrei fyrr. Lagði upp mörk, sá opnanir hjá liðsfélögum sínum, var svo einbeittur en glaður í leiknum. Hann lenti svo í alls kyns hnjaski og dómarahneyksli... eins og allir dómar eru í garð Valsara – dómarahneyksli. En þegar ég spurði hann eftir leikinn, hvað olli þessum svakalegu tilburðum, þá svarar sá stutti gegnvotur „mamma, ekki pæla – bara spila“. Ekki pæla - bara spila. Fyrst hugsaði ég „jæja, hann verður seint ráðinn fjármálastjóri einhvers staðar þessi“. Ekki pæla – bara spila?

En svo skildi ég auðvitað hvað hann var að meina. Hann var í flæði. Svo einfalt var það. Það er búið að pæla þetta allt, vippa, sóla, tækla, spegla sig í öðrum og aðstæðum, læra og tileinka sér – það gerðist á æfingunum og það kom með reynslunni. En svo þegar til kastanna kemur, þá tekur einhver frumkraftur yfir, gleðin og fegurðin sem felst í því hreinlega að vera úti á vellinum.

Þessi frumkraftur og gleði verður háværi krafa komandi kynslóða. Þær munu alast upp við gjörbreyttan heim í miðjum leifum fjórðu iðnbyltingarinnar. Þeirra styrkleikar munu mótast af allt öðru skóla og -menntaumhverfi en við eigum að þekkja í dag. Menntakerfið mun umblyttast ef vel á að vera og hlúa að þessum kynslóðum á framsýnan hátt. Fólk verður kröfuharðara á lífsgæði, á að njóta vinnunnar á meðan vélarnar létta á líkamlegu streði og tölvuheilar sjá um flóknustu reiknidæmin. Við vitum að áskoranir lífsins verða enn til staðar, fólk mun ennþá míga í saltan sjó og það verða alltaf mótvindar. Þeir verða sumir eins en aðrir allt allt öðruvísi.

Harvard háskóli gerði rannsókn á því fyrir nokkrum árum hvernig fólk veldi sér lífsviðurværi, eða starfsvettvang – sú sláandi niðurstaða kom þá í ljós að aðeins örlítill prósentu mannkyns starfar við það sem telst vera þeirra helsti styrkleiki og þar af leiðandi það sem það elskar að gera, eða um 5%. Starfaði við það sem kveikti tilhlökkunina að morgni dags. Nú er ég ekki að segja að við getum öll unnið við að greina litbrigði sólseturs í loftbelgjum eða orðið atvinnumenn í knattspyrnu en ég gef mér að það sé einhver lífræn dreifing sem verður þegar hæfileikar fólks fá að njóta sín til fulls. Það er kannski klisja í dag að tala um að vera besta útgáfan af sjálfum sér en ef til vill er þessi margumtalaða framleiðni okkar lands eitthvað háð því að fólk hlusti meira á hjartað – elti drauma sína. Slík markmið eru stór hluti af allri nýsköpun, en eins og Viðskiptaráð hefur ítrekað bent á þá er nýsköpun og raunar hugvitsdrifinn útflutningur leiðin fram á við til aukinnar hagsældar á Íslandi.

Stöldrum við af og til og spyrjum okkur af hverju við gerum það sem við gerum. Af hverju fór ég í þetta nám, af hverju vinn ég þessa vinnu, fyrir hvað vakna ég að morgni full tilhlökkunar? Er ég full tilhlökkunar? Þarf ég alltaf að vera það eða nægir mér að vita að ég er góð í því sem ég geri ... og hvað gef ég til samfélagsins með því að vera góð í því sem ég geri? Það er rekstrarleg og samfélagsleg skylda hvers fyrirtækis að spyrja sig þessara spurninga, hví ekki skylda hvers og eins manns?

Ef við pössum upp á þessa spurningu fyrir okkur sjálf, þá hreinlega stuðlum við að aukinni framleiðni og aukinni verðmætasköpun í landinu, hvort sem það er í okkar eigin fyrirtæki eða sem starfskraftar annarra. Þá erum við alltaf rétt manneskja á réttum stað. Orsakasamhengið milli slíkrar hamingju og ávöxtunar er óumdeilanlegt.

Eftir nám ykkar í HR ættuð þið að vera skrefi nær.

En eins og eflaust margir hér vita þá var HR valinn einn af hundrað bestu ungu háskólum í heiminum í dag, samkvæmt lista Times Higher Education sem birtur var fyrir um viku síðan. Á listanum eru háskólar 50 ára og yngri. Það er því ærið tilefni í dag að klappa fyrir skólastjórnendum, kennurum og öllum sem að skólasterfinu koma. Listi Times Higher Education byggir á mati á þrettán lykilþáttum háskólastarfs, þar á meðal samstarfi við atvinnulífið.

Samstarf við atvinnulífið er auðvitað taugin sem leiðir heim til Viðskiptaráðs en Menntasjóður ráðsins stóð að stofnun Háskólans í Reykjavík árið 1998. HR hefur opnað ótal spennandi tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf til að mæta breyttum tímum og styrkir innviði og samkeppnishæfni íslensks hagkerfis.

Við hjá ráðinu erum stolt af uppbyggingu Háskólans í Reykjavík. Viðskiptaráð hefur í heila öld lagt metnað í að styðja við menntun á Íslandi og við teljum það okkar mikilvægasta framlag til atvinnulífs og samfélagsins í heild.

Kæru útskriftarnemar. Þið hafið þælt og þælt og þælt. Þið hættið því aldrei. En nú farið þið út á völlinn að spila. Og af hverju? Fyrir ykkur sjálf. Fyrir verðmætasköpun landsins. Fyrir gleðina. Fyrir betra Ísland. Jafnvel örllítið betri heim.

En það stendur víst eitthvað meira til á eftir svona um eitt leytið ...þannig að ég má ekki gleyma mér hér í heimspekinni. Hér eru þegar samankomnir sigurvegarar dagsins og nokkrir þeirra útskrifast í dag með láði.

Um leið og ég óska öllum útskriftarnemum og aðstandendum til hamingju með daginn er það mér mikil ánægja að veita að lokum fjórar viðurkenningar fyrir hönd Viðskiptaráðs. Viðurkenningunni fylgir 100 ára hátíðarrit ráðsins sem fer m.a. yfir tímalínu verslunar og viðskipta á Íslandi síðustu 100 ár og þær samfélagsbreytingar sem fylgdu. Ég vil biðja eftirtalda nemendur að koma og taka við viðurkenningu frá Viðskiptaráði og brosa sínu breiðasta hér fyrir myndavélina að því loknu.

Viðurkenningu fyrir bestan árangur

í tölvunarfræðideild hlýtur

Hanna Ragnarsdóttir

Viðurkenningu fyrir bestan árangur í
viðskiptadeild HR hlýtur

Andrea Björnsdóttir

Viðurkenningu fyrir bestan árangur í
tækni- og verkfræðideild HR hlýtur

Sigurður Davíð Stefánsson
Bsc í rekstrarverkfræði

Viðurkenningu fyrir bestan árangur í
lagadeild HR hlýtur

Hjalti Jón Guðmundsson